

152. löggjafarþing 2021–2022.

Þingskjal 241 — 3. mál.

2. umræða.

Breytingartillaga

við frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum
vegna fjárlaga fyrir árið 2022.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

1. Við 19. gr. bætist nýr stafliður, d-liður, svohljóðandi:

Við ákvæði til bráðabirgða í lögnum bætist nýr töluliður, svohljóðandi: Þeir sem eiga rétt á greiðslu örorkulífeyris skv. 18. gr., slysaörorkulífeyris skv. 12. gr. laga um slysatryggingar almannatrygginga, nr. 45/2015, eða endurhæfingarlífeyris skv. 7. gr. laga um félagslega aðstoð, nr. 99/2007, á árinu 2021, skulu fá eingreiðslu að fjárhæð 53.100 kr. Hafi lífeyrisþegi fengið greiddar bætur hluta úr ári skal eingreiðslan vera í hlutfalli við greiðsluréttindi hans á árinu. Eingreiðsla þessi, sem skal innt af hendi eigi síðar en 31. desember 2021, skal ekki teljast til tekna greiðsluþega og ekki leiða til skerðingar annarra greiðslna.

2. Við 1. mgr. 53. gr. bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Þó öðlast ákvæði d-liðar 19. gr. þegar gildi.